

## FEBRÚAR 1917

Byltingin í Rússlandi 1917 er einn af afdrifaríkustu atburðum 20. aldar og hún hafði mótandi áhrif á stjórnsmál um allan heim. Um var að ræða röð upp-  
reisna í Rússlandi sem leiddu fyrst til þess að ein-  
ræðisstjórn Rússakeisara var hrundið en síðan til  
valdatöku ráða eða sovéta undir stjórn bolsévika.  
Orsakir byltingarinnar voru margbrotnar. Pólitískt  
ófrelsi var mikið í Rússlandi í samanburði við önnur  
ríki Evrópu. Kúgun keisarans beindist bæði gegn  
pólitískum andstæðingum og fólki af öðrum þjóðar-  
brotum. Eignarhald á landi var ójafnt og fámennur  
hópur jarðeigenda átti mestan hluta þess. Vöxtur  
borga og aukin iðnvæðing leiddu til þess að sérstök  
stétt verkamanna varð til í Rússlandi á síðari hluta  
19. aldar. Mikil fólksfjölgun var í stærstu borgunum,  
Pétursborg og Moskvu, og þjuggu verkamenn þar  
við kröpp kjör. Á alþjóðlega kvennadaginn (8. mars  
eða 23. febrúar samkvæmt gömlu rússnesku tíma-  
tali) árið 1917 hófu konur í vefnaðarverksmiðjum í  
Pétursborg verkfall sem fljótlega blandaðist saman  
við mótmæli vegna brauðskorts. Næstu daga lam-  
aðist öll iðnaðarstarfsemi í borginni. Hluti hermanna  
sem sendir voru til Pétursborgar til að brjóta verkföllin  
á bak aftur gekk í lið með mótmælendum og sagði  
þá ríkisstjórnin af sér. Hefur þetta kallast febrúar-  
byltingin. Í mars sagði Nikulás II. af sér og við tók  
bráðabirgðastjórn.

Er leið á árið 1917 jókst vægi róttækasta arms rússneska Sósíaldemókrataflokksins, svokallaðra bolsévika. Leiðtogi hans var Vladimír Ilitsj Úljanov sem kallaði sig Lenín. Í september leysti ráðið í Pétursborg handtekna bolsévika úr haldi og einn þeirra, Lev Trotskíj, var gerður að forseta ráðsins. Í október sneri Lenín til Rússlands og miðstjórn Kommúnistaflokksins samþykkti formlega að standa fyrir valdatöku. Hin svokallaða októberbylting hófst í Tallinn 23. október 1917, en tveimur dögum síðar í Pétursborg (25. október eða 7. nóvember að okkar tímatali). Gekk sú bylting tiltölulega hratt fyrir sig og lítið mannfall varð. Bráðabirgðastjórnin var leyst upp en í staðinn tekin upp ráðstjórn undir stjórn alþýðufulltrúa. Meðal fyrstu aðgerða ráðstjórnarinnar voru að færa allt land í hendur bænda, þjóðnýta banka, fela ráðunum stjórn verksmiðja, hækka laun og koma á átta stunda vinnudegi. Bankainnistæður og eignir kirkjunnar voru gerðar upptækar.

# ÍSLAND MARS 1917

Fregnir voru í fyrstu stopular hér á landi af rússnesku byltingunni, enda fyrri heimsstyrjöldin í fullum gangi. Þann 17. mars 1917 birtist stutt símfregn í *Morgunblaðinu* um að Rússakeisari hefði lagt niður völd og væri fangi þingsins. Þann 20. mars birtist ítarlegri grein í blaðinu þar sem er fjallað á jákvæðan hátt um byltinguna í Rússlandi og talað um nýja frjálslynda stjórn og að nú mætti búast við „risavaxnari þroska Austur-Evrópu á næstu árum en nokkurn hefði dreymt um“.

**MORGUNBLAÐIÐ**  
Erl. símfregnir.  
frá fréttaritara (saf. og Morgunbl.).  
Khöfn 15. marz.

— **Síðastliðinn sunnudag hófststjórnarbylting í Rússlandi.**  
Þingið neitaði að samþykka boð keisarans um að slíta þinginu. Voru 12 þingmenn kosnir í nefnd og því lýst yfir, að hún myndaði nýja stjórn í Rússlandi.  
Nýja stjórnin handtók alla stjórnarmeðlimi keisarans.  
Þrjátíu þúsund manna setuliðsins og fólkið í Petrograd fylgja nýju stjórninni að málum.  
Á þremur dögum náði nýja stjórnin öllum völdum í Petrograd og gat þá út tilkynningu til þjóðarinnar um stjórnarbyltinguna, sem væri nauðsynleg til þess að koma á betra skipulagi á samgöngur innanlands og útvega matvæli.

Laugard. 4. argangur  
17. 133  
marz 1917 tölublað  
Khöfn 15. marz

Astæðan til stjórnarbyltingarinnar í Petrograd er matvælastöð. Duman (þingið rússneska) hefir sett á laggirnir framkvæmdanefnd og er Rodzianko þingforseti formaður hennar.  
Í Moskva er allsherjarverkföll.  
Kartöfluskortur er í Bretlandi.  
Brauðkorn Frakklands er 40% minna en venjulega.  
Þjóðverjar hata sökt hinu víðkunna norska skipi Storstad Var það á leið til Belgíu með matvæli.  
Labori málfærslumaður er dáinn.  
Brauðskamtur í Danmörku verður frá byrjun næsta mánaðar sennilega 315 gr. á mann daglega.  
Kaupmannahafnarbúar ná ekki að sér kartöflum vegna sífeldra frosta.

**Stjórnarbyltingin í Rússlandi.**

Þriðjudag 4. argangur  
20. 136.  
marz 1917 tölublað

Rússneska einveldið er úr sögunni. Og nú vaknar til starfa fjölmennasta þjóð Evrópu, sem hingað til hefir legið í dvála í ánaðarhlekkjunum. Þjóðin sem í margar aldir hefir þráð frelsið, en átt vísa Siberíu fyrir ógætlega talað orð eða alls ekki neitt. Og nú má búast við risavaxnari þroska Austur-Evrópu á næstu árum, en nokkurn hefir dreymt um.

Sennilega verður stjórnarbyltingin ekki til að flyta fyrir úrslitum ófriðarins. Menn voru að spá því í fyrstu að nú væru Rússar úr sögunni sem þáttakendur í stríðinu, en önnur virðist raunin ætla að verða. Hinum gamla yfirhershöfðingja, Nikolási stórfursta hafa verið fengin öll völd í hendur á ný og ekki ástæða til að ætla annað en að herinn felli sig við breytinguna.

Um framtíðarfyrirkomulagið á æðstu stjórna landsins er erfit að segja nokkuð ákvæðið. Ætla má að stjórn Michaelis keisarabroður sé að eins til bráðabirgða. En hvað síðar verður veit maður ekki. Hver veit nema einvaldsríkið verði innan stundar orðið að lýðveldi?

Hin tíðu stjórnarskipti sem orðið hafa í Rússlandi upp á síðkastið gáfu ástæðu til að vænta breytinga. En hitt mun fæsta hafa grunað, að breytingin kæmi svona fljótt og geogi svona hljóðalaust af. Máttur þjóðarinnar og skilvingur hennar á þýðingu sjálfrar sín, hefir að lokum vaxið embættismannasamabyrgðinni svo rækilega yfir höfuð, að hún hefir ekki séð sér fært að veita viðnám lengur.

Mönnum er farið að leiðast stríðið. Bæði þeim sem að því starfa og hinum sem hjá sitja. Þeir eru orðnir svo vandfýsnir með fréttirnar, að fregnir um dráp margra þúsunda, fall stórra borga eða tortíming tuga af skipum ganga inn um annað eyrað og út um hitt. Nú þykir mest varið í friðartilfinndi.

Fregnirnar af atburðum þeim, sem orðið hafa í Rússlandi síðustu vikuna, hafa þótt tilhindum sæta. Um talið um hafnbannið hefir orðið að þoka fyrir þeim stórtíðindum.

Símfregnirnar herma að rétturinn til keisaradóms hafi verið fenginn Michael stórfursta með alþjóðar samþykki. Virðist því svo sem viðburðirnir séu aðrir og meiri en ætla mátti í upphafi, því afsetning og fangelsun gamla ráðuneytisins þurfti ekki endilega að hafa í för með sér keisaraskifti. Þetta gat verið lík breyting þeirri í Englandi, er Acquith fór frá en Lloyd George tók við. Aðferðin bara rússnesk.

Því hefir verið spáð fyrir löngu að ófriðar þyrfti með til að koma rússneska einveldinu fyrir kattarnef. Meðan stóð á ófriðnum við Japana, reyndi almúginn rússneski að hrista af sér okið, en mistóks: hraparlega svo sem kunnugt er. En nú eru tímarnir breyttir og undarlegt má heita, hversu friðsamlega þessi mikla breyting hefir á komist, ef treysta má símfregnunum.

## ÍSLAND NÓVEMBER 1917

Í *Vísir* segir þann 8. nóvember að alvarlegar skærur séu á milli rússnesku stjórnarinnar og bolsévika („maximalista“). Lengri grein birtist í *Morgunblaðinu* þann 10. nóvember þar sem sagði að bolsévikar hefðu náð ritsímum, talsímum, fréttastofum, bönkum og öðrum stofnunum algerlega á sitt vald og Lenín væri orðinn einvaldur. Ítarleg fréttaskýring birtist svo í *Lögrjettu* þann 14. nóvember og sagði þar m.a. að stjórnir bandamanna vildu ekki viðurkenna yfirráð bolsévika í Rússlandi, enda væru friðarkröfur þeirra þvert á óskir bandamanna. Lenín þótti mikill ákafamaður og lítil hófsmaður í skoðunum og kenningum. Hann var aðalforingi þess fylkingararms jafnaðarmanna- og verkamannaflokkanna, sem lengst gekk í kröfum um að byltingin yrði sem róttækust.

Ritstjóri:  
ÞORST. GÍSLASON.  
Þingholtsstræti 17.  
Talsími 178.

# VÍSIR

Fimmtudaginn 8. nóv. 1917.

## Símskeyti

frá fréttaritara *Vísis*.

Kaupm.höfn. 7. nóv.

**Bretar hafa hafið nýja sókn í Flandern og tekið þorp- in Mosselmarkt, Passchendael og Gonberg.**

**Alvarlegar skærur milli rússnesku stjórnarinnar og Maximalista. Stjórnarherinn hefir Petrograd á valdi sínu.**

(Símskeyti frá 6. nóvember ekki komið fram).

Mynd: Verkamenn í grjótnáminu í Öskjuhlíð 1913-1917.  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur /Magnús Ólafsson.

Ritstjóri:  
ÞORST. GÍSLASON.  
Þingholtsstræti 17.  
Talsími 178.

# LÖGRJETTA

Afgreiðslu- og innheimtum.:  
ÞÓR. B. ÞORLÁKSSON.  
Bankastræti 11.  
Talsími 359.

Nr. 52. Reykjavík, 14. nóvember 1917. XII. árg.

## Stríðið.

Borgarastyrjöld í Rússlandi.

Hver frjettin rekur nú aðra um róstur í Rússlandi, og þær mjög alvarlegar. Áður er þess getið, að þegar þingið kom saman nú fyrir nokkru, gaus upp ósamlyndi undir eins á fyrsta fundinum. En það var flokkur hinna áköfustu jafnaðarmanna, sem ósveigjanlegastur var þar til samkomulags, og hafði samtök um að ganga af þingi, eftir því sem simfregniðnar sögðu. Í 50. tbl. Lögr. hafði ruglast nokkuð til frásögu um þetta. En svo virðist, sem ósamlyndi milli Maximalista og stjórnarinnar hafi úr þessu magnast, þangað til úr varð fullkomin uppreisn frá þeirra hálfu í Petrograd gegn stjórninni. Er nánast sagt frá þessu í fregnskeyti til Mrg.bl. frá 8. þ. m.

Þar segir, að langardagskvöldið 3. þ. m. hafi framkvæmdanefnd hermanna- og verkmanndáðsins krafist yfirráða í Petrograd, bannað herþögnunum að hlýða ferisköpunum

Leið svo fram á þriðjudag, 6. þ. m., þá var ný stjórnarbylting hafin og öllu sambandi slitit milli höfuðborgarinnar og úthverfa hennar. Uppreisnarmenn náðu sínum, talsímum, frjettastofum, bönkum og öðrum stofnunum algerlega á sitt vald. Næsta kvöld segja frjettirnar að Petrograd sje á þeirra valdi, setuliðis fylgi þeim að málum og stjórnarbyltingin sje fullkomin, bráðabyrgðastjórninni sje steyppt og margir af ráðherrunum sju settir í varðhald. Lenin, foringi hinna kröfuhörðustu meðal jafnaðarmanna og verkmanna, og jafnframt þeirra, sem fastast heimta frið, ráði nú lögum og lofum í Rússlandi, en stefnuskráin sje sú, að friður sje saminn þegar í stað. Jafnframt fylgir fregn um það, að Rússar sju fúsir til að láta lönd af höndum.

Fregnin í Mrg.bl., sem hjer hefur verið fylgt, segir að Kerensky hafi náð ofurlitum meiri hluta í þinginu, en þó á þann hátt, að honum hafi verið sett ýms skilyrði, svo sem um stofnun velferðarnefndar, að hann kæmi í veg fyrir borgarastyrjöld, ljeti lönd af hendi til bænda og að Rússar

ad allir ráðherrarnir hafi verið teknir fastir nema Kerensky, en þess er ekki getið, hvort hann hafi forðað sjer undan, eða þá að uppreisnarmenn hafi ekki lagt hönd á hann vegna lýðhylli hans, og er hið fyrra þó líklegra, því fregnin segir, að þeir kæri hann fyrir landráð. Í opinb. tilk. ensku segir, að álitit sje að Kerensky hafi farið til vígvallanna til þess að safna saman hinum gætnari mönnum, og bendir það á, að menn viti ekkert með vissu um hann nú.

Það kemur fram í fregnunum, að fullsamkomulag hefur ekki verið í framkvæmdanefnd hermanna- og verkmanndáðsins um það, sem gert hefur verið, því þar segir, að minnihluta jafnaðarmenn hafi sagt sig úr henni, enda var líka stjórn sú, sem steyppt var, að meiri hluta skipuð mönnum úr jafnaðarmannaflokkunum, og öðrum flokkum, sem þeim standa nærri í skoðunum. Þessir flokkar hafa því rofnað nú í byltingunni.

Stjórnir bandamanna vilja ekki viðurkenna yfirráð Maximalista í Rússlandi, enda eru líka friðarkröfur þeirra gerðar þvert á móti óskum bandamanna, og nú vilja Maximal-

**Lenin.**

Maximalista-foringinn Lenin, sem nú er sagður ráða mestu í Petrograd, er ævintýramaður mikill. Hann er rússneskur aðalsmaður og lögræðingur, lenti á ungum aldri í stjórn málaerjum og var út af þeim rekinn í útlegð til Siberíu. En hann flýði þaðan og komst til Sviss, eins og fleiri Rússar, sem lentu í óvild hjá keisara-stjórninni. Þar fór hann að gefa út blað, sem eggjaði til byltingar í Rússlandi og var mjög svæsið. Var því laumað inn í Rússland, þótt forboðið væri, eins og fleiri slíkum ritum, og varð Lenin því töluvert kunnur í Rússlandi fyrir starfseni sína í Sviss, og ýmsar tillögur hans höfðu þar áhrif. Hann er sagður mjög mikill ákafamaður, einbeyttur, djarfur og melskur, en þykir lítil hófsmaður í skoðunum sínum og kenningum. Nú er hann miðaldra maður, eða vel það. Lenin er gervinafn, sem hann hefur tekið sjer, en hið rjetta nafn hans er Uliano.

Þegar stjórnarbyltingin hófst í Rússlandi, var Lenin í Sviss. En hann fjeck þá heimkomuleyfi eins og aðrir, sem lét stáð á ferir. Þá og st. að

Þegar Lenin kom til Petrograd, fór hann að gefa út blað, sem „Prawda“ hét, eða „Sannleikurinn“, og var aðalstefnumark þess, að koma á friði þegar í stað. Blaðið gerðist því brátt andvigt bráðabyrgðastjórninni. Það talaði eindregið máli óreigalyðsins, hvatti hermennina til að leggja vopn niður, hvað sem fyrirliðar og stjórn sögðu, og snúa sjer að hinu, að koma á jafnaðarmannastjórn í landinu, er síðan yrði til fyrirmyndar öllum heimi. Þetta blað Lenins fjeck gríðarmikla útbreiðslu og því var kent um ýms af þeim upphotnum, sem urðu í hernum til og frá, og eins um ýmisleg upptot, sem verkalyðurinn gerði gegn atvinnuveitendum. Á þennan hátt varð Lenin, að minsta kosti í álitu manna, aðalforingi þess fylkingararms jafnaðarmanna- og verkmanna-flokkanna, sem lengst gekk í öllum kröfum um það, að byltingin yrði sem róttækust þegar í stað. Og þar sem hernarinn út á við var til hindrunar því, að það stjórn mála-fyrirkomulag, sem fyrir Lenin vakti, gæti komist á, þá krafðist hann friðar þegar í stað, ekki sjerfriðar við Þjóðverja, heldur að allar ófriðarþjóðir-